

Ellefti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn mánudaginn 25. ágúst 2014 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugufrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipun í embætti og kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Rúnar Bragi Guðlaugsson var kosinn formaður og Hannes Tryggvi Hafstein var kosinn varaformaður. Framkvæmdastjóri kynnti í framhaldi starfsemi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

2. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Bergsteinn Björgúlfsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað, heimagistingu að Reykjabyggð 46 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu.“
- b. Magnús Ingi Magnússon sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað, sumarhús að Holtssvegi 2 í Kjós.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu.“
- c. Snorri Örn Hilmarsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir kjötverslun og tilheyrandi vinnslu á eigin afurðum á kjöti á Sogni í Kjós.
„Frestað uns úrbætur hafa farið fram á vatnsbóli og fyrir liggur að vatn er í lagi.“

Umsóknir um tóbaksleyfi.

- d. Hermann Ingólfsson f.h. Ferðaþjónustunar Hjalla ehf. sækir um endurnýjun leyfis til tóbakssölu í Kaffi Kjós við Meðalfellsveg í Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlagi til 4 ára dagsett 8. júní 2014.
„Staðfest.“
- e. Hermann Ingólfsson f.h. Ferðaþjónustunar Hjalla ehf. sækir um leyfi til undanþágu fyrir einn starfsmann yngri en 18 ára (17 ára) til sölu tóbaks, skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 325/2007 um smásölu tóbaks, í Kaffi Kjós við Meðalfellsveg í Kjósarhreppi. Starfsleyfið var afgreitt af heilbrigðiseftirlitinu til 6 mánaða dagsett 8. júní 2014.
„Staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Umsóknir um tímabundin starfsleyfi vegna mengunarvarna

- f. Daði Þór Einarsson sækir um tímabundið starfsleyfi vegna flugeldasýningar þann 30. ágúst 2014.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 19. ágúst 2014 með sérstökum skilyrðum.
„Staðfest.“

Umsóknir um starfsleyfi vegna mengunarvarna

- g. Erlendur Þ. Halldórsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Bílaverkstæði Ella Bygggörðum 2 b, Seltjarnarnesi.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 18. júní til 12. ára með almennum starfsleyfisskilyrðum.
„Staðfest.“
- h. Erna Kjartansdóttir sækir um starfsleyfi fh. G.K viðgerða ehf. um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Flugumýri 16. c, Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 31. júlí 2014 til 12 ára skv. almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.
„Staðfest.“
- i. Steinn G. Ólafsson sækir um endurnýjun á leyfi fyrir Golfklúbbinn Kjöl til losunar og vinnslu efnis úr grjótnámu á Blikastaðanesi.
„Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur valdið mengun.“

3. Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

Eftirtalin mál voru lögð fram til kynningar:

- a. Hreggnasi ehf. kt. 540100-3490, sækir um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir rekstri gististaðar í flokki V, tegund Hótel, að Laxá í Kjós.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 23. júní 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun leyfis fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 1. júlí.
- b. Bergsteinn Björgúlfsson, sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I í Eyrarhvammi, tegund heimagisting. Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 16. júní 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn leyfi fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 1. júlí.
- c. Magnús Ingi Magnússon, sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II að Holtsvegi 2 í Kjós, tegund sumarhús. Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 18. júní 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um leyfi fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 10. júlí.
- d. Óli Valur Steindórsson sækir um tímabundið áfengisveitingaleyfi fyrir Ungmennafélagið Aftureldingu laugardaginn 30. ágúst 2014 í tilefni af dansleik í Íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ. Lagt fram bréf

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 7. ágúst 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um þetta leyfi.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. ágúst.

- e. Haukur Geirmundsson sækir um tímabundið áfengisveitingaleyfi fyrir Íþróttafélagið Gróttu laugardaginn 30. ágúst 2014 í tilefni af dansleik í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness. Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 20. ágúst 2014 þar sem óskað er umsagnar um þetta leyfi. Jákvæð umsögn heilbrigðisnefndar.

4. Vatnsvernd

- a. Fundargerðir framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá fundi nr. 106 frá 20. júní 2014 og fundi nr. 107 frá 20. ágúst 2014 voru lagðar fram.
- b. Erindi stýrihóps SSH um endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu dagsett 7. júlí 2014 var kynnt.

„Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fór yfir tillögur stýrihóps SSH að skipulagi vatnsverndar og endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir höfuðborgarsvæðið og mælir með því að fyrirbyggjandi tillögur fari í auglýsingu.“

5. Bréf Mosfellsbæjar vegna erindis eftirlitsins um hreinsun ofanvatns í Mosfellsbæ dagsett 30. maí 2014.

Lagt fram.

6. Erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 5. júní 2014

Lagt fram til kynningar erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 5. júní 2014 um veitingu tímabundinnar undanþágu til Orkuveitu Reykjavíkur frá 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 510/2010 um styrk brennisteins í andrúmslofti sem kveður á um að styrkur brennisteins skuli ekki vera yfir þeim umhverfismörkum sem tilgreind eru í I. viðauka reglugerðarinnar. Ráðuneytið veitti Orkuveitu Reykjavíkur undanþágu með skilyrðum.

„Heilbrigðisnefnd harmar niðurstöðu ráðuneytisins.“

7. Erindi Skipulagsstofnunar - beiðni um umsögn um efnistöku í Seljadal.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 10. júní 2014 þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlits um ofangreinda framkvæmd.

Lögð fram til kynningar umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 9. júlí 2014 um efnistöku í Seljadal Mosfellsbæ vegna mats á umhverfisáhrifum.

„Lagt fram.“

8. Bréf skipulagsfulltrúa dagsett 16. júlí 2014. Verkefnalýsing deiliskipulags fyrir alifuglabú að Suður Reykjum. Beiðni um umsögn.

„Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við verkefnalýsinguna.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

9. Þvingunarúrræði

- a. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 17. júlí 2014 um fráveitu við Reykjadal í Mosfellsbæ.
„Heilbrigðisnefnd samþykkir að áminna eiganda samkvæmt lögum nr. 7/1998 og leggja á dagsektir að upphæð 10.000 kr frá og með 1. október 2014 ef úrbætur hafa ekki verið gerðar.“
- b. Flugumýri 16. Krafa um lagningu olúgildru.
„Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja dagsektir á alla eigendur að Flugumýri 16 að upphæð 10.000 kr frá og með 1. október 2014 ef úrbætur hafa ekki verið gerðar.“

10. Önnur mál

- a. Nýr starfsmaður Erla Dóra Vogler hefur störf 2. september og mun starfa í einn mánuð.
- b. Lögð var fram skýrsla Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga dags. 30. maí 2014 um rannsókn á salmonellu í svínahakki.

Fundi var slitið kl. 20:00.